

Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík 17. ágúst 2017
UST201707-073/B.S.
10.05.03


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Vestfjarðavegur - Dynjandisheiði og
Bíldudalsflugvöllur. Umsögn**


Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Er mögulegt að koma veginum fyrir á núverandi vegstæði við Flókalund ef gert verður ráð fyrir færslu vegarins og jafnvel færslu annarra mannvirkja næst veginum?
- Ef Vatnsfjörður verður þveraður er þá gert ráð fyrir efnistöku innan friðlandsins?
- Ef Vatnsfjörður verður þveraður er þá unnt að koma fyllingum fyrir án þess að skerða ósa Pennu?
- Er gert ráð fyrir að hanna sérstaklega útlit stærstu skeringar þannig að mótun þeirra farið fram samhliða vinnslu?
- Gera ætti grein fyrir hvernig veginum verði best komið fyrir meðfram Meðalnesfjalli að Dynjandisvogi með það í huga að draga úr sjónrænum áhrifum vegarins sérstaklega ef fyrirhugað er að fara í gegnum hamarinn milli Dynjandisdals og Dynjandisvogar í skeringum meðfram fjallshlíðinni.
- Gera ætti ráð fyrir að afmá styttri aflagða kafla núverandi vegar sérstaklega þar sem vegurinn liggur um gróið land.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædd drög að tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri